

Áhrif umhverfismála á nýtanleika vatnsorku

Haukur Tómasson

Greinargerð HT-97/06

15.05.1997

Áhrif umhverfismála á nýtanleika vatnsorku

Umræður í þjóðfélaginu hefur að undanförmu verið hávær um virkjanir og áhrif þeirra á umhverfi. Sem svar við þessari, oft mjög öfgrvakendu umræðu, gerir Orkustofnun tillögu um að gera úttekt á vatnsorkunni og fá nýtt mat á henni og kortleggja þau áhrif á nýtanleika vatnsorkunnar sem umhverfismál geta haft. Helstu verkþættir eru: 1. Gera nýtt afrensliskort af landinu. Á grunni þess og stafrænu korti frá LMÍ með reiti eða net 90 m á kant er mat á heildarvatnsorku landsins endurskoðað og verður miklu nákvæmara. 2. Safna upplýsingum um atriði sem geta haft áhrif á umhverfismat á virkjunarstöðum og flokka eftir mikilvægi. 3. Gera mynsturáætlanir um virkjun helstu vatnsorkusvæða með mismunandi tilhögunum. 4. Reikna orkugetu mismunandi tilhaganna með eða án tillits til náttúruverndar eða að farið sé bil beggja og samið um takmörk á nýtingu.

Þetta er mikið verk og er beðið um 7 000 000 kr. til þess á fyrsta ári. Verkið tekur nokkur ár en nýtanleg niðurstaða kemur á hverju ári.